

# Friðun, verndun og 37. grein náttúruverndarlaga

Erindi á morgunverðarfundi VSÓ um 37. grein  
náttúruverndarlaga, 20. maí 2008

Ólafur Páll Jónsson

lektor í heimspeki við Kennaraháskóla Íslands

## 1. Hugmyndafræði og náttúruvernd

Spurningar um friðun eða verndun náttúrulegra verðmæta verður að skilja sem spurningar um gildi tiltekinnar hugmyndafræði – og oftast en ekki sem átök ólíkra hugmyndafræðilegra strauma. Í þessum skilningi eru þau átök sem hafa staðið og standa enn um virkjun eða verndun af sama tagi og átök milli hægri og vinstri, milli austurs og vesturs, á síðustu öld. Að draga fram þessa hlið á átökunum um náttúru Íslands var meginviðfangsefni Andra Snæs í *Draumalandinu*<sup>1</sup> og sjálfur hef ég lagt til þessarar umræðu nokkra þanka.<sup>2</sup> En hvað er hugmyndafræði? Í nýlegri grein í *Skírni* fjallar Páll Skúlason m.a. um þetta efni og segir að hugmyndafræði sé

... samtengt safn hugmynda og hleypidóma sem öðlast hefur valdastöðu í mannfélaginu og hvetur fólk til að horfa á heiminn og haga sér á ákveðinn hátt. Hugmyndafræði í þessum skilningi á sér ekki áveðna talsmenn eins og tiltekin stjórnmalaskoðun eða fræðikenning sem borin er fram í ræðu og riti af hugsandi einstaklingum. Hugmyndafræðin styðst ekki við rök heldur það sem segir sig sjálft og ekki þarf að ræða eða rökstyðja.<sup>3</sup>

Hér eru nokkur atriði sem vert er að staldra við. Í fyrsta lagi felur hugmyndafræði í sér vald. Ríkjandi hugmyndafræði í samfélagi getur verið – og er gjarnan – ráðandi um það hvaða hugmyndir fá brautargengi, hvaða sjónarmið eru tekin gild í umræðu, hvaða hagsmunir verða ofaná, o.s.frv. Í öðru lagi er hugmyndafræðin dulin í þeim skilningi að hún á sér ekki neinn talsmanna. Það er ekki hægt að benda á neinn tiltekinn einstakling

---

<sup>1</sup> Andri Snær Magnason, *Draumalandið: Sjálfsbjálparbók handa bræddri þjóð*, Mál og menning, Reykjavík 2006.

<sup>2</sup> Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og verðmæti*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007.

<sup>3</sup> Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, *Skírni*, 2008, vor, bls. 8.

sem heldur henni fram og rökstyður hana og sem getur verið skotspónn þeirra sem vilja gagnrýna hugmyndafræðina. Í þriðja lagi er ríkjandi hugmyndafræði sjálfsögð í þeim skilningi að það þarf ekki að spyrja um réttmæti þeirra sjónarmiða sem hún heldur fram og þar með krefjast þau stefnumál, sem eru í anda hugmyndafræðinnar, ekki sérstaks rökstuðnings. Þau eru augljós.

Hugmyndafræði í þessum skilningi er að vissu leyti afar gagnleg. Hún tryggir ákveðna samheldni í samfélaginu og hún gerir fólki kleift að gera hluti án þess að þurfa stöðugt að réttlæta það sem það gerir fyrir sjálfu sér eða öðrum. En hugmyndafræði í þessum skilningi á sér líka skuggahliðar. Páll heldur áfram.

Þannig kyndir [hugmyndafræðin] undir hugsunarleysi, enda aðhyllumst við yfirleitt ekki hugmyndafræði af fúsum og frjálsum vilja, heldur fylgjum henni í blindni og án þess að velta henni fyrir okkur.<sup>4</sup>

Valdastaða hugmyndafræðinnar byggist ekki síst á þessu síðasta atriði; hugmyndafræði þarf ekki að rökstyðja vegna þess að við fylgjum henni í blindni. Þegar heimspekingur tekur sig til og gagnrýnir ríkjandi hugmyndafræði, þá ræðst hann á garðinn þar sem hann er hæstur. Hann hvetur fólk til að efast um hið sjálfsagða og fara ekki troðnar slóðir þegar hinar troðnu slóðir virðast svo augljóslega rétt leið. Í þessu andófi við hinu sjálfgefna eru heimspekingar og rithöfundar oft samverkamenn þótt þeir beiti ólíkum meðulum.

Hvernig birtist afstaða okkar til náttúruverndar og friðunar í hugmyndafræði samtímans? Ég hef lýst þessari birtingarmynd sem svo, að hún setji kröfur um friðun eða verndun jafnan í *varnarstöðu*.<sup>5</sup> Hið sjálfsagða, það sem við gætum svo hæglega gert í blindni, er að framkvæma: stífla, leggja vegi, skipuleggja lóðir, dæla upp möl af sjávarbotni, o.s.frv. Þessi afstaða birtist með einkar skýrum hætti í útpenslu borgarumhverfisins hér á suð-vesturhorni landsins og með öðrum og sumpart raunalegri hætti í baráttunni fyrir verndun Þjórsárvera. Þjórsárver eru reyndar þegar friðuð og hafa verið það síðan 1981 en samt hafa þau verið undir hamri Landsvirkjunar um langan tíma sem vill byggja stíflu og nota svæðið til vatnsmiðlunar.<sup>6</sup> Í baráttunni fyrir verndun Þjórsárvera hafa vaknað spurningar um hverjar séu forsendur friðunar, hvernig eðlilegt sé að draga mörk friðlanda

---

<sup>4</sup> Sama stað.

<sup>5</sup> Ólafur Páll Jónsson, „Undir hælum athafnamanna“, *Náttúra, vald og verðmati*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007.

<sup>6</sup> Þjórsárver hafa að auki verið friðuð samkvæmt Ramsar-sáttmálanum um verndun votlendis síðan 1990. Það vakna því ekki einungis spurningar um íslensk friðunarlög í þessu sambandi, heldur einnig um skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi.

og hvað það feli í sér að friðlýsa tiltekið landsvæði. Í þessari umræðu að tveimur staðhæfingum sem gefnum: (i) Friðun tekur fram fyrir hendurnar á athafnamönnum og stórfyrirtækjum, og (ii) friðun felur í sér að tilteknar auðlindir náttúrunnar verði ekki nýttar. Það er einkennandi fyrir varnarstöðuhugmyndina um friðun að líta á þessa spurningu sem *útgangspunkt*. Í sem stystu máli má segja að varnarstöðuhugmyndin um friðun byggir á þeirri hugsun að jafnan sé æskilegt að framkvæma sé það á annað borð mögulegt og arðvænlegt (miðað við tiltekna gefna mælikvarða á arð). Friðun felur því í raun í sér frávik frá eðlilegu og sjálfsögðu ástandi. Friðun verður sambærileg við sekt í réttarfarslegum skilningi. Það er grundvallarregla réttarkerfisins að allir eru saklausir uns sekt er sönnuð. Litið er á sakleysi sem eðlilegt ástand en sekt sem frávik sem krefst sérstakrar sönnunar. Með svipuðum hætti er talið eðlilegt að virkja og friðun er frávik sem krefst sérstakrar sönnunar. Í þessari afstöðu birtist framkvæmdahyggja, sem svo mætti kalla, sem ríkjandi hugmyndafræði. Þetta er afstaða sem styðst ekki við rök, heldur segir hún sig sjálf.

Þegar litið er á friðun frá þessum sjónarhóli, þá liggur sönnunarbyrðin algerlega hjá talsmönnum friðunar á meðan framkvæmdaaðilinn þarf ekki að færa viðlíka rök fyrir sínum fyrirætlunum. Þegar kemur að virkjun fallvatna virðast rök framkvæmdaaðila ekki þurfa að vera önnur en þau að til sé kaupandi að orkunni sem sé reiðubúinn að borga lágmarksverð fyrir hana. Sé yfirleitt mögulegt að virkja, þá virðist jafnframt sjálfgefið að það sé æskilegt.

Samkvæmt varnarstöðuhugmyndinni um friðun (og verndun) verður útgangspunkturinn í umræðunni um friðun landsvæða eftirfarandi spurning:

Hvers vegna skyldum við taka fram fyrir hendurnar á athafnamönnum sem vilja nýta auðlindir náttúrunnar með því að friða tiltekin landsvæði?

en ekki spurningin:

Hvers vegna skyldi athafnamönnum og stórfyrirtækjum, sem vilja nýta tilteknar auðlindir náttúrunnar, leyfast að eyðileggja verðmæta náttúru?

Þar sem fyrri spurningin er lögð til grundvallar allri umræðu um friðun og nýtingu, verður verkefni friðunarsinna að sannfæra framkvæmdasinna um að þau verðmæti sem felast í óspilltri náttúru geti verið meiri en þau sem liggja í hefðbundinni nýtingu eins og virkjunum. Og hér standa friðunarsinnar frammi fyrir óleysanlegum vanda. Þau rök sem vega þyngst í hugum friðunarsinna eru dæmd ómerk af virkjunarsinum. Rök virkjanasinna fyrir nýtingu fallvatna eru gjarnan efnahagsleg: virkjun er *naðsynleg* til að tryggja efnalega afkomu fólks og viðhalda eða auka hagvöxt. Enn fremur sjá

virkJanasinnar kröfuna um friðun sem munað en ekki sjálfsgaðan hlut. Ein afleiðing af þessu er að talsmönnum friðunar eru settar mjög þröngar skorður um það til hvers konar röksemda þeir geta gripið máli sínu til stuðnings; þau rök ein ná máli sem samrýmast lífssýn virkjunarsinna

## 2. Vilji löggjafans

Þótt ríkjandi hugmyndafræði setji friðunarsinna í óvinnandi varnarstöðu, þá hefur löggjafinn haft ákveðna tilburði í þá átt að efast um þessa ríkjandi hugmyndafræði með því að gefa friðun eða verndun sérstakt vægi. Hér munar mest um lög um náttúruvernd nr. 44 frá 1999. Í þessum lögum er sérstakur kafli sem fjallar um verndun með almennum hætti, fimmti kafli sem ber yfirskriftina „Landslagsvernd og fleira“, en í honum sú grein sem hér er til umfjöllunar, 37. gr., sem fjallar um sérstaka vernd eldvarpa, gervigíga, eldhrauna, stöðuvatna og tjarna, mýra og flóa, fossa, hvera og heitra uppspretta og sjávarfitja og leira. Greinin er svohlóðandi:

37. gr. *Sérstök vernd*: Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

Það sem er sérstaklega jákvæðtt við þessa grein er að hér er almennt ákvæði í lögum um að tilteknar landslags- eða vistgerðir skuli njóta sérstakrar verndar. Hér sjáum við viðleitni til að snúa við þeim forgangi framkvæmdahyggiunnar sem lýsir sér m.a. í því að þeir sem tala fyrir friðun eða verndun eru ávallt í varnarstöðu. Hér er almennt ákvæði sem snýr sönnunarbyrðinni við. Við getum því kannski lýst þessu sem svo að löggjafinn birti hér þann vilja sinn að horfið skuli frá ríkjandi hugmyndafræði og hlutur náttúruverndar aukinn. Rökin fyrir þessum viðspyrnu við hugmyndafræðinni voru af ólíkum toga: jarðfræðileg, fagurfræðileg og vistfræðileg. Þannig segir m.a. í greinargerðinni með frumvarpinu:

[...] Útbreiddar landslagsgerðir á Íslandi sem teljast sérstakar á heimsmælikvarða eru fyrst og fremst gosmyndanir frá nútíma og síðasta hlýskeiði ísaldar. Af þeim

sökum er talin ástæða til að umgangast slík landsvæði með sérstakri varúð. ... Eftir að jökullinn hvarf af landinu hafa gígar hlaðist upp við uppstreymisop hraunkviku og frá þeim hafa runnið apalhraun og helluhraun sem geta tekið á sig ýmsar myndir ásamt alls kyns fyrirbærum sem þeim fylgja, svo sem hrauntröðum, hraunhellum, hraundrílum og gervigígum. Myndanir þessar eru útbreiddar á gosbeltum landsins. Flest hraunin eru basalhraun en slíkar hraunbreiður finnast aðeins á fáeinum stöðum í heiminum. [...]

Í Ramsar-samþykktinni sem áður er getið eru votlendi skilgreint sem mýrlendi, ár, vötn, tjarnir, fjörur og grunnsævi allt niður á 6 metra dýpi. Í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 37. gr. er stöðuvötnum, tjörnum sem eru a.m.k. 1.000 m<sup>2</sup> að stærð og mýrum og flóum, sem eru a.m.k. 3 hektarar að stærð, veitt sérstök vernd. Stærðarmörk eru miðuð við að ekki séu settar of miklar skorður við framkvæmdum en um leið til að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt þegar ætlunin er að skerða votlendi. Kunnara er en frá þurfi að segja hversu mikilvægu hlutverki þessar landslagsgerðir gegna í lífríkinu, einkum fyrir fuglalíf. [...]

Fossar í ám og lækjum hafa þá sérstöðu frá sjónarhóli náttúruverndar að verndargildi þeirra er einkum fagurfræðilegt. Gildi þeirra sem landslagsprýði er óumdeilt. Margvíslegar heitar uppsprettur hafa um aldir verið taldar meðal helstu náttúruundra Íslands. [...]

Sjávarfitjar og leirur hafa ómælda þýðingu fyrir fuglalíf. Sjávarfitjar finnast við efri mörk fjöru þar sem sjór flæðir yfir land og skapar sérstakt gróðurlendi sem einkennist af saltkærum eða a.m.k. saltþolnum tegundum. [...]

Þingsályktunartillaga frá 12. maí 1997 um varðveislu ósnortinna víðerna vísar einnig í sömu átt. Í greinargerð með frumvarpi um náttúruverndarlög (44/1999) er einmitt vísað í þessa þingsályktunartillögu:

Hinn 12. maí 1997 samþykkti Alþingi þingsályktun um varðveislu ósnortinna víðerna. Var umhverfisráðherra falið að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna og stofna starfshóp, skipaðan fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands, undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytisins, sem falið yrði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni. [...]


Í greinargerð starfshópsins segir að meginmarkmið með skilgreiningu og afmörkun ósnortinna víðerna sé að varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur eingöngu sem gestur. Nauðsynlegt sé að draga úr ummerkjum um mannvist eins og kostur er á þeim svæðum sem ætlunin sé að vernda sem ósnortin víðerni, en óhjákvæmilegt sé að viðurkenna nokkra nýtingu og umferð um þau. [...]

Það vekur hins vegar athygli að orðalag í grein 37 er fremur veikt og þótt hér sé um almennt verndarákvæði að ræða er ekki vísað til þeirrar varúðarreglu sem var hluti af Ríó-

samþykktinni árið 1992 og leggur áherslu á verndarsjónarmið í umhverfisrétti frekar en reglur um ábyrgð og bótaskyldu.<sup>7</sup>

### 3. Náttúruvernd í lögum og verki

Það er gaman að búa þegar gott er veður, og það er líka gaman að njóta náttúrunnar þegar vel viðrar. En því miður hefur ekki viðrað sérlega vel síðustu misseri – eða síðustu aldir. Tökum dæmi. Hér eru tillögur Umhverfisstofnunar um svæði sem skuli friða í náttúruverndaráætlun 2004 til 2008.




Mynd 1. Þau 75 svæði sem Umhverfisstofnun leggur til að verði friðuð í náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. (© Bjarni Hinriksson)

Hér sjáum við t.d. svæðið norðar Vatnajökuls sem er stærsta ósnortna víðernið í Evrópu jafnvel þótt það sé skorið í sundur af áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Við sjáum líka svæði suð-austan Vatnajökuls, Eldhraunið sem rann úr Lakagígum 1783–1784 og sunnan Hofsjökuls sjáum við svæði sem tekur yfir Þjórsárver. Rök fyrir því að friðlýsa tvö

<sup>7</sup> Sjá greinargerð með frumvarpi til laga um meginreglur umhverfisréttar, lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 1339.

síðastnefndu svæðin mætti sækja beint í 37. grein náttúruverndarlaganna. Og hér eru svo tillögur Umhverfisstofnunar.



Mynd 2. Tillögur að friðlöndum í drögum Umhverfisstofnunar um náttúruverndarlaganna 2004 til 2008. (© Bjarni Hinriksson)

Hér sjáum við hvers vilji löggjafans má sín stundum lítils þegar verkin tala. Það er t.d. athyglisvert að eitt stærsta og magnaðasta eldhraun landsins skuli ekki vera á þessu korti, ekki frekar en votlendið í Þjórsárverum, eða háhitasvæðið í nágrenni Torfajökuls. Og þetta er ekkert einsdæmi. Það sem birtist á þessum tveimur kortum, birtist einnig, þótt með nokkuð öðrum hætti sé, í skýrslu VSO um áhrifum 37. greinar náttúruverndarlaganna. Þar kemur fram að 37. greinin hefur lítil áhrif. Í niðurlagsorðum skýrslu VSO segja höfundar eftirfarandi:

Í rannsókninni kom í ljós að 37. grein náttúruverndarlaganna hefur ekki áhrif á ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdir skuli matsskyldar. Áhrif á úrskurði eða álit Skipulagsstofnunar og umhverfisstofnunar í mati á umhverfisáhrifum eru einnig lítil en þó meiri en í málsmeðferð matsskyldu-ákvæðana. Áhrif á útfærslu framkvæmda eru einnig lítil og hefur tilfellum þar sem framkvæmd er breytt vegna vistkerfa og jarðmyndana í reynd fækkað eftir að lög um náttúruvernd tóku gildi. Mótvægisáðgerðir vegna 37. greinar í úrskurðum eru hlutfallslega fáar og líður greinin ef til vill fyrir það að mótvægisáðgerðir eru yfirleitt ekki nógu vel skilgreindar eins og rannsóknir hafa sýnt.

Ekki var hægt að sjá beint samband á milli gildistöku náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og aukningar í umfangun um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein.<sup>8</sup>

Hvernig stendur á því að 37. greinin er jafn vanmáttug og raun ber vitni. Ein skýring gæti legið í veiku orðalagi greinarinnar. Eftir að hinar sérstöku landslagsgerðir hafa verið tilgreindar segir:

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér rökun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

Hér er eins og gengið að því vísu að framkvæmda- eða byggingarleyfi skuli veitt. Hin sérstaka vernd var þá kannski ekki annað en ávísun á eitt leyfi í viðbót. Önnur skýring er að hugmyndafræði framkvæmdahyggjunnar sé svo ríkjandi að veikburða lagabókstafur hefur engin áhrif. Það má jafnvel gera því skóna að hinn veiki rómur löggjafans í þessari grein endurómi einmitt hugmyndafræði framkvæmdahyggjunnar.

En kannski endurspeglar hinn veiki rómur löggjafans hér ekki bara inngróna hugmyndafræði, heldur einbeittan vilja. Ég nefndi að framan varúðarregluna, sem rekja má til Ríó-ráðstefnunnar frá 1992. Ári áður en lög um náttúruvernd (44/1999) voru samþykkt á Alþingi, lagði umhverfisráðherra fram frumvarp um meginreglur í umhverfisrétti þar sem gert er ráð fyrir að umrædd varúðarregla verði tekin upp. Það fór raunar svo að aldrei var mælt fyrir þessu frumvarpi þótt um það hafi skapast nokkur umræða í þinginu.<sup>9</sup> 10 árum síðar, í febrúar 2007, var lagt fram nýtt frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar þar sem varúðarreglan er nánast samhljóða því sem var í frumvarpinu frá 1998. Það frumvarp náði ekki fram að ganga á þinginu og hefur frumvarpið ekki verið lagt fram aftur né er útlit fyrir að svo verði. Frá sjónarhóli náttúruverndar er þetta mjög bagalegt, frá sjónarhóli umhverfisréttar hlýtur þetta að vera vandræðalega gamaldags.

#### 4. Náttúruvernd í klóm hugmyndafræði

Undir lok skýrslu Vegagerðarinnar um áhrif 37. greinar náttúruverndarlaga segja höfundarnir að það sé mat þeirra „á grundvelli niðurstöðu þessarar rannsóknar að

<sup>8</sup> VSÓ Ráðgjöf, *Áhrif 37. gr. náttúruverndarlaga á framkvæmdir*, Vegagerð ríkisins, 2008, bls. 17.

<sup>9</sup> Sjá m.a. einkar áhugaverð orðaskipti Kolbrúnar Halldórsdóttur og Sivjar Friðleifsdóttur <http://www.althingi.is/altext/127/02/113202038.sgml>.



endurskoða þurfi 37. grein náttúruverndarlaga í heild sinni“. Undir þessi orð get ég vel tekið, en þó óttast ég að slík endurskoðun kæmi fyrir lítið. Það er ekki nema von að almenn friðunarákvæði, jafnvel þótt þau væru orðuð með afgerandi hætti og studd varúðarreglu alþjóðlegs réttarkerfis, megi sín lítils þegar hreinar og beinar fiðlýsingar valda ekki nema stundarhiki.

Í aðdraganda Káranhjúkavirkjunar kom það í hlut þáverandi umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, að úrskurða um hvort heimila ætti virkjunina eftir að Skipulagsstofnun hafði hafnað henni. Í úrskurði ráðherra kemur skýrt fram að fjórðungur friðlandsins í Kringilsárrana myndi fara á kaf og spillast þegar Háslón, sem er stærst af uppistöðulónum Káranhjúkavirkjunar, fylltist auk þess sem ýmis önnur svæði sem eru á náttúru-minjaskrá myndu spillast eða glatast. Í úrskurðinum segir m.a.:

Þau svæði sem verða fyrir töluverðri röskun eru eftirfarandi og verður hér vísað til númera viðkomandi svæða í náttúruminjaskrá: Snæfell, Vestur-Öræfi, Hafrahvammaglúfur (615); Eyjabakkar (616); Finnsstaðanes og Egilsstaðanes (647); Eylendið í Jökulsárhlíð (639); Húsey (648); Votlendi og sandar í Hjaltastaðarþinghá og Hjaltastaðaásar (605).<sup>10</sup>

Í úrskurðinum er einnig að finna lýsingu á verndargildi þeirra svæða sem tapast eða skerðast.

Að mati ráðuneytisins hefur komið í ljós við rannsóknir vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar að verndargildi á svæði nr. 615 á Náttúruminjaskrá þ.e. Snæfell, Vestur-Öræfi, Hafrahvammaglúfur er hátt.

Þá er það mat ráðuneytisins að svæðin þrjú við Héraðsflóa, Eylendið í Jökulsárhlíð, Húsey og votlendi og sandar í Hjaltastaðarþinghá og Hjaltastaðaása nr. 639, 648 og 605 á Náttúruminjaskrá ásamt Finnsstaðanesi og Egilsstaðanesi hafi hátt verndargildi, einkum vegna fjölskrúðugs fuglalífs og fjölbreyttra gróskumikilla gróðurlenda. Auk þess mun fjórðungur af hinu friðlýsta svæði Kringilsárrana, fara undir Háslón og þarf því að koma til leyfi Náttúruverndar ríkisins verði af framkvæmdum, sbr. 1. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Ekki felst í þessu ákvæði skilyrðislaust bann við framkvæmdum á friðlýstum svæðum.

Hvaða máli skyldi það nú skipta að tiltekin svæði eru á náttúruminjaskrá og að þau hafa hátt verndargildi? Þessu er svarað á næstu blaðsíðu í úrskurði umhverfisráðherra.

Við umfjöllun ráðuneytisins um áhrif framkvæmdarinnar á náttúruverndarsvæði hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að fyrirhuguð framkvæmd fari í

---

<sup>10</sup> „Úrskurður“, Umhverfisráðuneytið, 20. desember 2001 (UMH01080004/10-02-0601), bls. 99. Úrskurðinn er á vefnum á <http://www.rettarheimild.is/Umhverfis/UrskurdirRaduneytisins/-2001/01/01/nr/836> (skoðað 7. mars 2007).

bága við lög, reglur eða alþjóðasamninga og því sé *ekki tilefni til* vegna þeirra áhrifa að leggjast gegn framkvæmdinni.<sup>11</sup> (Leturbreyting ÓPJ.)

Hér sjáum við berlega hvernig verndargildi er algerlega ofurselt framkvæmdahyggjuni.

Hér sjáum við líka hugmyndafræði að verki: engin rök heldur segir sig allt sjálft – svo fremi maður gæti þess að fylgja götunni í hugsunarleysi, í blindni.

---

<sup>11</sup> „Úrskurður“, Umhverfissráðuneytið, 20. desember 2001, (UMH01080004/10-02-0601), bls. 100. Ég fjalla ítarlegar um úrskurð umhverfissráðherra í *Náttúru, valdi og verðmæti*, einkum í kaflanum „Undir hælum athafnamanna“.